

Konur krulla - myndbrot úr sögunni

Ice Cup 2004

Tvö erlend lið tóku þátt í fyrsta Ice Cup mótinu sem við höldum. Annað var sænskt/danskt kvennalið, The Queens. Hitt liðið kom frá Kanada og var skipað tvennum hjónum. Eldri hjónin voru 75 ára. Kanadíska liðið vann mótið!



Donna-Mae Arnason - 75 ára gömul kanadísk kona af íslenskum ættum (Akureyringur!), sigurvegari fyrsta Ice Cup mótsins.



Yngri konan í kanadíska liðinu, Tracy Jakobson, einnig af íslenskum ættum - úr Borgarfirðinum..



The Queens—þær Sari Alm, Emma Pettersen, Jeanette Ekberg og Charlotte Hedegård vöktu athygli fyrir stíl í krullunni þegar þær kepptu á Ice Cup 2004.

Ice Cup 2005











Þessar bandarísku konur - Gwen Krailo, Susan Porada, Judy Melzer og Susan Haigney - komu fyrst á Ice Cup 2005 og hafa algjörlega fallið fyrir Íslandi. Þrjár þeirra hafa komið fjórum sinnum til að keppa á Ice Cup og ætla að koma á Ice Cup 2011.

Ice Cup 2006



Líklega fyrsta alíslenska kvennaliðið í krullunni. Þær hafa reyndar ekki æft eða keppt reglulega í krullu heldur tekið þátt í stöku móti - en bara einu sinni allar saman í liði, á Ice Cup 2006. Linda Björnsdóttir, Lilja Hjartardóttir, Íris Sigurjónsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Helga Steingrímisdóttir og Freydís Heba Konráðsdóttir.

Ice Cup 2007



Danska kvennalandsliðið kom á Ice Cup 2007, aðeins örfáum vikum eftir að þær höfðu unnið til silfurverðlauna á HM. Þær hafa verið í fremstu röð í heiminum í mörg ár.

Hér eru þær Madeleine Dupont, Ane Håkansson Hansen og Angelina Jensen.

Ice Cup 2008







Ice Cup 2009

Sarah Wolfe og Sandra Takata kepptu á Ice Cup 2009. Sarah kom alla leið frá Alaska.

Ice Cup 2010

Tvær frá Moskvu á Ice Cup 2010: Tatiana Nikitina og Tatiana Sukhova.

Tvisvar hafa alíslensk kvennalið tekið þátt í Ice Cup. Hér er það liðið Íslenski draumurinn 2010: Kristín B. Jónsdóttir, Elísabet Inga Ásgrímsdóttir, Rannveig Jóhannsdóttir og Vilborg Sveinbjörnsdóttir.



Nýliðamótið 2006



Íþróttafélagið Þokki á Nýliðamótinu 2006.



Svana, Dabbý, Beta, Birgitta og...

Segja má þrjár til fjórar konur hafi verið hvað lengst í krullunni og tekið þátt í velflestum mótum sem haldin hafa verið undanfarin ár, þær Birgitta Reinaldsdóttir, Svanfríður Sigurðardóttir, Dagbjört Hulda Eiríksdóttir og Elísabet Inga Ásgrímsdóttir. Birgitta er reyndar að mestu hætt en hinar þrjár halda ótrauðar áfram. En fleiri konur hafa stundað krulluna til lengri eða skemmri tíma. Hér eru nokkrar myndir af íslenskum konum í krullu.







